

Akraneskaupstaður
Dalbraut 4
300 Akranes

Tilvísun: LKS2025100002

10.10.2025

Efni: Kostnaður sveitarfélaga við kosningar

Hjá landskjörstjórn er nú unnið að því að greina kostnað við framkvæmd annarra kosninga en kosninga til sveitarstjórna í þeim tilgangi m.a. að framlag ríkisins til sveitarfélaga endurspegli kostnað þeirra, en ríkissjóður greiðir sveitarfélögum sérstakt framlag sem miðast við fjölda kjörstaða og kjósenda á kjörskrá í viðkomandi sveitarfélagi, sbr. 7. gr. reglugerðar um skiptingu kostnaðar milli ríkis og sveitarfélaga í kosningum nr. 442/2024

Verkefnið grundvallast á 4. mgr. 7. gr. fyrrgreindrar reglugerðar þar sem segir að landskjörstjórn skuli að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga setja fram tillögur um fjárframlög ríkisins til sveitarfélaga á grundvelli upplýsinga sveitarfélaga um kostnað þeirra í kosningum. Í því skyni var óskað eftir kostnaðaryfirlitum frá öllum sveitarfélögum landsins bæði í forsetakosningunum 2024 og einnig í alþingiskosningunum sama ár, sbr. 2. og 3. mgr. 7. gr. reglugerðarinnar. Landskjörstjórn hefur unnið með fjárhagsupplýsingar úr kostnaðaryfirlitunum í því skyni að unnt sé að setja fram tillögur um fjárframlag sem taki mið af raunkostnaði sveitarfélaga en komið hefur í ljós að kostnaður sveitarfélaga er mjög mismunandi. Landskjörstjórn hefur átt samtöl við Samband íslenskra sveitarfélaga vegna þessa og var niðurstaða þeirra m.a. að leita til nokkurra sveitarfélaga til að fá frekari upplýsingar og samtal.

Landskjörstjórn óskar hér með eftir liðsinni sveitarfélagsins við verkefnið. Í því felst m.a. samtal um framkvæmd kosninga í sveitarfélaginu, svo sem hvernig eru kjörstaðir skipulagðir, hvernig er raðað í kjördeildir, hvernig kjörstaðir eru mannaðir, o.s.frv.

Sjái sveitarfélagið sér fært að leggja landskjörstjórn lið þá vinsamlega hafið samband við undirritaðan sem fyrst með því að svara þessum pósti.

Virðingarfyllt,
f.h. landskjörstjórnar
Indriði B Ármannsson